

# Reikningsskilaráð ríkisins

50. Fundur – 9. desember 2020 kl. 09:00

## Fundargerð

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Forföll: Ólafur Hjálmarsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Gunnar Axel Axelsson sat fundinn undir fyrsta lið.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.
- Fundurinn fór fram á Teams.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 49. fundar samþykkt.

### 2. Erindi til ráðsins

Farið var yfir lokadrög að svari við erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hlutdeildarlán. Var svarið samþykkt og var formanni falið að ganga frá bréfi til ráðuneytisins.

### 3. Staðfesting ríkisreiknings 2019

Farið yfir frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings sem Alþingi samþykkti 8. desember. Rætt var um ábendingar fjárlaganefndar og tekið undir sjónarmið hennar, þar á meðal „Ábending um nauðsyn þess að fjármála- og efnahagsráðuneytið gefi sem allra fyrst út reglugerð um flutning fjárheimilda milli ára. Skv. 30. gr. laga um opinber fjármál skal reglugerðin sett að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis.“

### 4. Ríkisreikningur 2020 verkáætlun

Farið yfir tímaáætlun fyrir ríkisreikning 2020.

### 5. Önnur mál.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl. 10:00

Næsti fundur verður á Teams miðvikudaginn 13. janúar kl. 09:00